



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. mars 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016, um útlendinga (fylgdarlaus börn). (Þingskjal 42 — 42. mál.)

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/2016 um útlendinga (fylgdarlaus börn)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin styðja efni frumvarpsins en þykir rétt að benda á mikilvægi þess að tryggja nægt fé til verkefnisins, fræðslu til barnaverndarstarfsfólks til að takast á við verkefnið og jafnframt að tryggja nægan mannskap.

Afar mikilvægt er að hlúa vel að fylgdarlausum börnum sem hingað koma í leit að alþjóðlegri vernd. Mikilvægt er við vinnu þessa máls að tryggja aðkomu Barnaverndaryfirvalda við mótun þess og ákvarðanatöku. Samtökin hafa ekki forsendur til að meta hvort rétt sé að setja á stofn móttökuheimili fyrir hópinn en vilja fela Barnaverndarstofu að gera tillögur að viðeigandi úrræðum.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum allra barna án mismununar og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.